

Forsætisráðherra,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Forsætisráðuneytið
150 Reykjavík

Reykjavík 22. mars 2010


Efni: Afstaða stjórnar SA til afgreiðslu skötuselsfrumvarpsins.


Á fundi stjórnar Samtaka atvinnulífsins í dag var rætt um væntanlega afgreiðslu frumvarps um beytingar á lögum um stjórn fiskveiða (skötuselsfrumvarpið).

Stjórnin staðfesti þá afstöðu framkvæmdastjórnar SA sem fram kom í bréfi dags. 22. febrúar sl. að á samþykkt frumvarpsins væri litið sem yfirlýsingu og aðgerð af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans um að vinna ekki í samræmi við stöðugleikasáttmálann og þar með að hafa hann að engu, að því er samstarf við Samtök atvinnulífsins varðar.

Að skötuselsfrumvarpinu samþykktu munu Samtök atvinnulífsins því telja sig óbundin með öllu af ákvæðum stöðugleikasáttmálans enda hafi honum þá verið slitið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Virðingarfyllst.


Vilmundur Jónsson, formaður


Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri